

# Spurt og svarað um **LESTRARÞJÁLFUN**

## Hver eru viðfangsefni lestrarþjálfunar?

Viðfangsefni heimalestrar eða lestrarþjálfunar þurfa að haldast í hendur við áherslur lestrarkennslu og stöðu nemenda í lestri hverju sinni. Þannig eru auknar líkur á að þjálfunin öðlist gildi og hafi tilgang í augum nemenda. Haldgóð þekking kennara á þróun lestrar er því nauðsynleg þegar ákvarða á verkefni heimalestrar sem þurfa að skila öllum nemendum í átt að aukinni lestrarfærni. Það gildir bæði um slaka og færa lesara.



Á fyrstu árum formlegrar lestrarkennslu verða nemendur tæknilega læsir og þá er þjálfun umskráningar fyrirferðarmikil. Þegar nemendur hafa náð góðum tókum á lestrartækninni ætti kennsla í beitingu lesskilningsaðferða að fá aukið vægi en góð þekking á þeim er nauðsynlegur undirbúningur fyrir glímuna við lengri, flóknari og fjölbreyttari texta á efri stigum náms.

Viðfangsefni lestrarkennslu og lestrarþjálfunar geta verið eftirfarandi:

- Að þjálfra hljóðaaðferðina.
- Að byggja upp sjónrænan orðaforða með því að þjálfra sjálfvirkni og öryggi við lestur orðmynda.
- Að þjálfra nákvæmni við lestur.
- Að þjálfra notkun greinarmerkja og mótun hendinga til að hljómfall lestrar verði gott og merking komist til skila.
- Að þjálfra lestur til náms með því að vinna með orðaforða- og lesskilningsaðferðir í merkingarbæru samhengi innan námsgreina sem krefjast lestrar og úrvinnslu á texta.
- Að auka yfirferð á texta með því að lesa fjölbreyttar textategundir og kynnast nýjum orðaforða.

Í ljósi þess að staða nemenda í lestri getur verið nokkuð mismunandi innan hvers bekkjar þarf kennari að geta komið auga á það sem þarfnast þjálfunar hverju sinni og búa yfir þekkingu á fjölbreyttum aðferðum í kennslu og þjálfun sem þoka nemendum í átt að aukinni lestrarfærni.



Hér á eftir fara upplýsingar um nokkur einföld og hagnýt atriði sem gott er fyrir kennara að hafa í huga þegar lestrarþjálfun er annars vegar. Þessar upplýsingar geta einnig veitt forsjáraðilum svör við ýmsum spurningum sem vakna við framkvæmd lestrarþjálfunar heima. Þar sem þjálfunarhlutverkið er mjög mikilvægt ættu skólar að leggja sig fram við að koma hagnýtum upplýsingum áleiðis í gegnum skipulagða fræðslu eða með því að senda þær heim ef spurningar vakna. Þar sem aðstæður nemenda geta verið margvíslegar er einfaldast að nota hugtakið *lestrarþjálfari* yfir þann sem sér um að þjálfra lesturinn á heimili barnsins.

## Hvers vegna eru nemendur látnir lesa upphátt?

Nemendur eru látnir lesa upphátt til þess að sá sem hlustar fái innsýn inn í umskráningarferlið og geti metið stöðu þess. Þegar lestur nemenda er orðinn áreynslulaus og nákvæmur má draga úr því að láta þá lesa upphátt en það getur þó verið gott fyrir kennara að láta alla nemendur lesa upphátt fyrir sig stöku sinnum til að kanna lestrarnákvæmni og hvort lestrarlag sé gott.

## Hvernig á að velja bók til lestrarþjálfunar?

Við val á lestrarbók til að þjálfra lesfimi er mikilvægt að hún feli í sér hæfilega áskorun fyrir nemandann og því má hún hvorki vera of létt né of þung með tilliti til umskráningar. Of léttar lestrarbækur leiða síður til árangurs í lestrarnámi og því er mikilvægt að velja lesefni sem felur í sér nokkra áskorun fyrir nemendur. Lesefnið má þó ekki vera of þungt því ef umskráningin verður of fyrirhafnarmikil er hætt við að nemandinn gefist upp og lesskilningurinn verði lítill. Hér fyrir neðan er dæmi um flokkun sem hafa má til hliðsjónar við val á þjálfunarefni en texti er talinn henta til þjálfunar ef nemandinn getur lesið hann með um það bil 90–95% nákvæmni (u.þ.b. níu orð af hverjum tíu eru rétt lesin). Samkvæmt þessu eru það bækur sem falla í flokkinn *Lestur undir leiðsögn* sem teljast alla jafna heppilegar til lestrarþjálfunar.



<b>Lestur án aðstoðar</b>	Lestrarnákvæmni 95–100%	Nemandinn ræður auðveldlega við að umskrá texta á eigin spýtur. Villur eru fáar og hann skilur allt sem hann les.
<b>Lestur undir leiðsögn</b>	Lestrarnákvæmni 90–95%	Nemandinn þarfnast leiðsagnar kennara eða lestrarþjálfara vegna nýrra orðmynda og orðaforða.
<b>Áreynslumikill lestur</b>	Lestrarnákvæmni undir 90%	Nemandinn umskráir með erfiðismunum og skilur ekki það sem hann les.

Miðstöð menntunar og skólabjónustu hefur útbúið [lista yfir lestrarbækur eftir þyngdarstigi](#) en hann má finna á heimasíðu stofnunarinnar. Sú flokkun lýtur einkum að ytri einkennum texta og veitir góðar upplýsingar um þá þætti sem tekið er tillit til við samningu bóka innan hvers flokks.

## Hvers vegna er gott að hafa fingur eða blýant undir texta sem er lesinn hverju sinni?

Að nota fingur/blýant eykur nákvæmni í lestri og lestrarþjálfari þarf að gæta þess að hleypa ekki barni áfram í lestri nema öll orð séu rétt lesin. Nákvæmur lestur tryggir betri lesskilning. Fingur eða blýantur getur einnig hjálpað lesurum að fara ekki línuvillt en það, að fara línuvillt og sleppa einni eða fleiri línunum í texta, getur haft veruleg áhrif á lesskilninginn.

## Hversu lengi eiga nemendur að lesa upphátt í einu?

Á fyrstu stigum lestrarnáms þurfa nemendur að lesa upphátt svo hægt sé að fylgjast með umskráningunni og leiðrétta villur í lestri. Tíu mínútna raddlestur í einu er hæfilegur en hætt er við að raddlestur í lengri tíma þreyti sérstaklega unga nemendur. Ávinningurinn af lengri þjálfunartíma er ekki augljós og getur leitt til leiða. Þetta þurfa kennarar þó að meta og ef gera á kröfu um lengri lestrartíma getur verið gott að hafa þjálfunina fjölbreytta með því að bæta inn kórlestri, skiptilestri eða bergmálslestri svo dæmi séu tekin.

Það getur verið viðkvæmt mál fyrir nemendur á eldri stigum að lesa upphátt fyrir kennara og því þurfa kennarar að leita leiða til að gera það á eins nærgættinn hátt og hægt er.

## Hversu oft á að láta nemanda æfa sama textann?

Meginástæðan fyrir því að nemendur á fyrstu stigum lestrarnáms eru látnir lesa texta tvisvar er til að gefa þeim svigrúm til að umskrá orð rétt og fá leiðsögn frá lestrarþjálfara eða kennara ef þörf krefur. Við annan lestur er búið að leysa úr öllum orðunum og merking textans augljósari. Þannig gefst lesaranum ráðrúm til að hlusta á lestur sinn flæða betur og fá staðfestingu á merkingu textans.



Endurtekinn lestur á texta flýtir einnig fyrir þróun orðmyndalestrar og vexti sjónræns orðaforða svo kostirnir eru ótvíræðir. Ef lestrarbók er hæfilega þung ættu tvö skipti að duga en í einhverjum tilvikum gætu nemendur haft ávinning af því að lesa texta þrisvar. Það ætti ekki að vera algild regla heldur ætti aðeins grípa til þriðja lestrar ef ástæða er til og barnið tilbúið til þess. Þegar lesturinn er farinn að flæða nokkuð vel og lestrarlag gott er ekki ástæða til að lesa texta tvisvar heldur láta nemendur lesa hann einu sinni í því augnamiði að komast yfir meira efni og kynnast nýjum orðaforða.

### Hvernig er best að skrá lestrarþjálfun sem fer fram heima?

Skólar ættu að leitast við að gera skráningarfyrirkomulagið áhugavert og hvetjandi og ekki síst fjölbreytt ef þjálfna á sama færniþáttinn til lengri tíma. Mikilvægt er að kvittað sé bæði heima og í skóla á meðan þjálfun stendur yfir. Það sendir þau skilaboð að þjálfunin sé mikilvæg.

### Hversu oft á að hlusta á nemandann lesa í skólanum?

Það getur tekið langan tíma að hlusta á öll börn daglega en til eru kennarar sem leggja á það ríka áherslu, sérstaklega í 1. bekk. Þegar mynd er komin á stöðu bekkjarins í lestri þarf kennari að forgangsraða í þágu nemenda sem þurfa daglega hvatningu og eftirfylgni. Oft dugar að hlusta á aðra lesa tvisvar til þrisvar sinnum í viku en slíkt skipulag losar um tíma sem er betur varið til formlegrar lestrarkennslu eða þjálfunar tengdri henni.

### Hverjir þurfa á lesfimiþjálfun að halda?

Stefnan ætti alltaf að vera sú að nemendur, sem hafa til þess forsendur, fái mælitöluna 12 eða yfir á lesfimiþrófi Miðstöðvar menntunar og skólabjónustu. Nemendur þurfa að þjálfna lesfimi þar til því marki er náð en þá þarf öll þjálfun að vera markviss og fjölbreytt og tilgangur með henni augljós. Það er þó ekki nóg að leggja eingöngu áherslu á leshraðann heldur þarf að kenna og þjálfna alla þætti lesfiminna eins og þeir birtast í [matsramma fyrir lesfimi](#) og finna má á *Læsisvefnum*. Rammanum fylgja ítarlegar leiðbeiningar en notkun hans í lestrarkennslu og þjálfun getur gert hvort tveggja fjölbreyttara og skemmtilegt.

Nemendur sem eru undir meðaltali á lesfimiþrófi, og jafnvel nemendur sem eru í neðra meðallagi, glíma margir hverjir við lestrarvanda og þurfa sérhæfða aðstoð vegna undirliggjandi veikleika sem mikilvægt er að greina rétt. Þessir nemendur taka að jafnaði hægari framförum en meðalnemandinn og þurfa oft lesfimiþjálfun lengur en aðrir. Þjálfunin þarf að vera fjölbreytt svo hún verði ekki leiðigjörn og mikilvægt er að þeir setji sér raunhæf markmið en horfi ekki til viðmiða sem eru e.t.v. utan seilingar í bili.

### Hvenær mega nemendur byrja að lesa í hljóði?

Um leið og nemendur eru orðnir öruggir í umskráningu og orðmyndalestri og villur mjög fáar má byrja að huga að hljóðlestri. Sumir nemendur álíta það sérstakan áfanga í lestrarnáminu að byrja að lesa í hljóði og eðlilegt að hljóðlestur taki við af raddlestri þegar lesturinn er orðinn öruggur, nákvæmur og flæðir vel. Það getur verið einstaklingsbundið og kennarans að meta hvenær nemendur eru tilbúnir þess að færa sig úr raddlestri yfir í hljóðlestur. Þegar það gerist minnkar þörfin fyrir að hlusta á nemendur lesa oft í viku en þeir geta samt sem áður áfram þurfti að æfa sig áfram í lestri til að ná upp góðum leshraða.

## Hversu lengi á að lesa upphátt fyrir nemendur/börn?

Eðli málsins samkvæmt er orðaforði í lesefni fyrir byrjendur mjög einfaldur og hluti af eiginorðasafni þeirra. Það er því ólíklegt að byrjendur í lestri nái að efla orðaforða sinn í gegnum eigin lestur strax og þar af leiðandi mikilvægt að lesið sé upphátt fyrir börn að minnsta kosti þangað til þau geta lesið bitastæðan texta sjálf. Upplsturinn þarf ekki að einskorðast við sögur og bækur heldur má lesa alls konar áhugaverðan texta sem á erindi við börn. Það má heldur ekki gleyma því að lestrarstundir geta verið gæðastundir sem foreldrar og börn geta notið saman óháð aldri barnanna.

## Á heimalestur að vera skylda allan grunnskólann?

„Korter og kvittað“ er nokkuð algengt fyrirkomulag í heimalestri nemenda á mið- og unglíngastigi. Oft er úrvinnslan eftir lestur engin, skráningarfyrirkomulagið einhæft og eftirfylgnin lítil. Nemendur sjá því oft lítinn tilgang með heimalestrinum, sinna honum illa og hafa neikvætt viðhorf til lestrar sem kemur e.t.v. í veg fyrir að þeir nái nauðsynlegum árangri í lesfimi eða útvíkki orðaforða sinn. Við þessu þurfa kennarar að bregðast með því að setja sér skýrt markmið með kröfunni um heimalestur og hjálpa nemendum að skilja tilganginn með honum. Það er best gert með því að tengja hana til dæmis við lestur á námsefni í bóklegum greinum og leggja þannig grunninn að því að hann sé nýttur í þágu náms með merkingabærum hætti. Þetta krefst þess að kennarar gefi sér tíma til að sýna nemendum hvernig best er að lesa námstexta og hvernig vinna á upplýsingar úr þeim svo nám geti átt sér stað. Á *Læsisvefnum* má finna umfjöllun um [læsi og áhugahvöt](#) sem getur hjálpað nemendum að skilja mikilvægi heimalestrar enda er mikill lestur og lestur á fjölbreyttum textategundum forsenda þess að þeir geti tekist á við nám á síðari stigum með árangursríkum hætti.

## Er hægt að þjálfra lesskilning?

Lesskilningurinn á sér rætur í málskilningi nemandans en orðasafn hans byrjar að myndast strax við fæðingu. Því má segja að forsendur lesskilnings verði til strax þá. Sýnt hefur verið fram á að stærð orðasafns hafi mikið forspárgildi fyrir lesskilning og þar af leiðandi námsárangur. Það skiptir því miklu máli að börn búi við gott mál-atlæti allt frá unga aldri. Börn hefja nám í grunnskóla með misstórt orðasafn og hafa rannsóknir jafnframt sýnt að þessi munur eykst eftir því sem námi vindur fram. Þess vegna er það bæði mögulegt og mikilvægt að kenna nemendum aðferðir sem efla orðaforða og lesskilning allt frá upphafi lestrarnáms en einblína ekki eingöngu á kennslu og þjálfun lesfiminna. Á *Læsisvefnum* er að finna ýmsar [aðferðir](#) sem nemendur þurfa að læra að beita í glímu sinni við texta.

